

Ed. **569. Nefndarálit** [135. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið um það ýmsar umsagnir, m. a. frá Lánasjóði íslenzkra námsmanna. Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Hlutverk lánasjóðs íslenzkra námsmanna er að veita íslenzkum námsmönnum lán til náms við Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, framhaldsdeild og menntadeild Kennaraskóla Íslands, 1.—3. hluta og menntadeild Tækniskóla Íslands, íslenska stýrimannaskóla, Vélaskóla Íslands, framhaldsdeild við íslenska landbúnaðarskóla, erlenda háskóla og tækniskóla, svo og aðrar hliðstæðar erlendar kennslustofnanir, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist:
Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 89 31. des. 1968.
4. Á eftir 3. gr. komi svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Menntamálaráðherra skal beita sér fyrir endurskoðun laga um námslán og námsstyrki, og skal að því stefnt, að henni sé lokið, áður en þing kemur saman haustið 1972.

Alþingi, 13. apríl 1972.

Ragnar Arnalds,
form., frsm.
Geir Hallgrímsson.

Halldór Kristjánsson,
fundaskr.
Jón Árm. Héðinsson.
Magnús Jónsson.

Páll Þorsteinsson.
Benóný Arnórsson.